

Fundargerð 3. fundar hreppsnefndar Ásahrepps kjörtímabilið 2014-2018 .

Haldinn að Laugalandi 9. júlí 2014 kl. 10.

Mætt: Egill Sigurðsson, Elín Grétarsdóttir, Eydís Indriðadóttir, Karl Ölvisson og Nanna Jónsdóttir.
Guðmundur Einarsson ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Ljósleiðaramál.

Ingólfur Bruun greindi frá því að lagning ljósleiðara í Mýrdal hefði gengið vel, en væri ekki að fullu lokið. Hann mælti með því að hreppsnefnd Ásahrepps myndi hitta forsvarsmenn þessa verkefnis í Mýrdal til að kynna sér verkefnið. Hann greindi frá því að ekki lægju enn fyrir upplýsingar um hver hönnunarkostnaður verður fyrir ljósleiðaralagningu í Ásahreppi. Einnig greindi Ingólfur frá því að hann hefði gert verðkönnun á rorum til lagningar ljósleiðarans og hefði lágsta verðið verið hjá íslenskum innflytjanda. Ingólfur mælti með því að fyrirtækin Heflun ehf og Leiðarinn ehf verði fengin til að vinna verkið, að notaðir verð tengiskápar í stað tengibrunna og sveitarfélagið eða dótturfyrirtæki þess verði eigandi allra lagna, en samið verði við fjarskiptafyrirtæki um rekstur kerfisins.

Hreppsnefnd Ásahrepps þakkar Ingólfi Brunn fyrir ítarlegt erindi og leggur áherslu á að vandað verði til undirbúnings fyrir ljósleiðaralögn í Ásahreppi og að verðkönnun verði gerð á sem flestum verkþáttum og efni til verksins. Oddvita var falið að skipuleggja heimsókn til fyrirtækisins LÍF í Mýrdal til að kynna sér viðhorf verkkaupa í Mýrdal.

2. Sumarlokun skrifstofu.

Samþykkt var að skrifstofa sveitarfélagsins verði lokuð frá og með 21. júlí til og með 8. ágúst n.k.

3. Ráðning sveitarstjóra, staða málsins.

Um stöðu sveitarstjóra í Ásahreppi sóttu 22. Að auki barst ein umsókn eftir að umsóknarfresti lauk. Tveir aðilar hafa dregið umsóknir sínar til baka. Sex aðilar voru boðaðir í viðtöl mánudaginn 7. júlí. Hreppsnefnd þakkar þeim aðilum sem sendu inn umsóknir. Oddvita og varaoddvita falið að vinna málið áfram á grundvelli umræðna er fram fóru á fundinum og leggja fram tillögu til hreppsnefndar um hver skuli ráðinn.

4. Fundargerðir til afgreiðslu.

Fundargerð skipulagsnefndar.

Liður nr 4, málnúmer 20146235476. vegna ljósleiðara - Vatnsfell. Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar um gefið verði út framkvæmdaleyfi fyrir ljósleiðara í Vatnsfellstöð í samræmi við fyrirliggjandi erindi.

Liður nr 8, málsnúmer 201406245480. Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.

Liður nr. 15, málsnúmer 201402205194. Hreppsnefnd staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar um að fallið verði frá breytingu á aðalskipulagi í landi Syðri Hamra.

Liður nr. 16, málsnúmer 201405895422. Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.

5. Fundargerðir til kynningar.

Lagðar fram fundargerðir til kynningar. A) Fundagerð sameiginlegs fundar samstarfsnefnda Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags leikskólakennara. B) Fundagerð 817 fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. C) Fundagerð 481 fundar stjórnar SASS. D) Fundagerð aukafundar SASS haldinn á Hótel Selfossi 2. júlí 2014.

6. Bréf og erindi til kynningar.

Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarféla dags 4. júlí 2014, þar sem boðað er til landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga. Bréf frá Guðmundi Daníelssyni dags 15. maí vegna útboðs ljósleiðara í Hvalfjarðarsveit.

7. Önnur mál.

Fyrirspurn frá verðbréfafyrirtækinu Virðingu, þar sem spurt er hvort Ásahreppur vilji selja hlutabréf sín í Sláturfélagi Suðurlands. Hreppsnefnd hafnar að selja bréfin.

Erindi frá Birni og Vigdísi á Syðri Hömrum, þar sem óskað er eftir að fá rotþró við nýtt hús á Syðri Hömrum 5. Hreppsnefnd samþykkir erindið. Einnig óskuðu sömu aðilar eftir að hreppsnefnd staðfesti skilyrði um fasta búsetu sé uppfyllt samkvæmt ósk Vegagerðarinnar á Selfossi vegna umsóknar um héraðsveg að Syðri Hömrum 5. Oddvita falið að svara erindinu.

Erindi frá Birni Arnarsyni og Þuríði Björnsdóttur, þar sem óskað er eftir að fá rotþró við nýtt hús á Syðri Hömrum 4. Hreppsnefnd samþykkti erindið. Einnig óskuðu sömu aðilar eftir að hreppsnefnd staðfesti skilyrði um fasta búsetu sé uppfyllt samkvæmt ósk Vegagerðarinnar á Selfossi vegna umsóknar um héraðsveg að Syðri Hömrum 4. Oddvita falið að svara erindinu.

Lögð fram tilliga um að oddviti fá sambærileg laun fyrir sín störf og fyrri oddviti hafði, þar til nýr sveitarstjóri verður ráðinn. Jafnframt að frá og með 1. ágúst verði laun oddvita sem nemur 25% af þingfarakaupi, akstur verði greiddur samkvæmt taxta RSK. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl: 13,30.